

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 15. desember 1988

um stofna blaðbeðja og rauðrófna sem falla undir skilyrði um einangrun við ræktun í I. viðauka tilskipunar ráðsins 70/458/EBE um markaðssetningu matjurtafræja**(89/14/EBE)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/458/EBE frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/380/EBE ⁽²⁾, einkum síðasta málslið A-hluta 4. mgr. I. viðauka,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/481/EBE ⁽³⁾ var breytt skilyrðum þeim um einangrun við ræktun blaðbeðju- og rauðrófufraja sem mælt var fyrir um í 4. mgr. I. viðauka tilskipunar 70/458/EBE.

Samkvæmt tilskipun 87/481/EBE er lágmarksfjarlægð frá nálægum jurtum sömu undirtegunda sem gætu orsakað óæskilega utanaðkomandi frævun háð því hvort blaðbeðjurnar eða rauðrófurnar eru stofnar sem tilheyra sama hópi stofna og nálægu jurtirnar.

Því er nauðsynlegt að ákvarða hópa blaðbeðju- og rauðrófustofna sem um getur í A-hluta 4. mgr. I. viðauka tilskipunar 70/458/EBE.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í

landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Hópar blaðbeðju- og rauðrófustofna, sem um getur í A-hluta 4. mgr. I. viðauka tilskipunar 70/458/EBE, eru þeir sem skráðir eru í viðauka þessarar tilskipunar.

2. gr.

Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1990. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 1988.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frans ANDRIESEN

varaforseti.⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 7.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 31.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 273, 26. 9. 1987, bls. 45.

VIÐAUKI

I. *Beta vulgaris L. var. vulgaris*, blaðbeðjur, strandblöðkur og *Beta vulgaris L. var. conditiva Alef.*, rauðrófur.
Þegar ræktaðir eru arfbundnir einkímisstofnar skal líta svo á að fjölkímisstofnar tilheyri öðrum hópi.

II. *Beta vulgaris L. var. vulgaris*, blaðbeðjur, strandblöðkur.

Með fyrirvara um I. lið skal flokka stofna eftir einkennum þeirra í eftirtalda fimm hópa:

Hópur	Einkenni
(1)	(2)
1	Hvítur blaðstilkur og fölgræn laufblöð án antósýanlitar.
2	Hvítur blaðstilkur og milli- eða dökkgræn laufblöð án antósýanlitar.
3	Grænn blaðstilkur og milli- eða dökkgræn laufblöð án antósýanlitar.
4	Bleikur blaðstilkur og milli- eða dökkgræn laufblöð.
5	Rauður blaðstilkur og laufblöð með antósýanlit.

III. *Beta vulgaris L. var. conditiva Alef.*, rauðrófur.

Með fyrirvara um I. lið skal flokka stofna eftir einkennum þeirra í eftirtalda sex hópa:

Hópur	Einkenni
(1)	(2)
1	Þversum er langsníð rótar eins og flöng sporaskja eða sporaskja og rötarkjöt rautt eða fjólublátt.
2	Langsníð rótar er hringlaga eða eins og breið sporaskja og rötarkjöt hvítt.
3	Langsníð rótar er hringlaga eða eins og breið sporaskja og rötarkjöt gult.
4	Langsníð rótar er hringlaga eða eins og breið sporaskja og rötarkjöt rautt eða fjólublátt.
5	Langsníð rótar er mjótt og aflangt og rötarkjöt rautt eða fjólublátt.
6	Langsníð rótar er flangur þríhyrningur á hvolfi og rötarkjöt rautt eða fjólublátt.